

Minnisblað

Viðtakandi: **Þjóðhagsráð**
Sendandi: **Félags- og barnamálaráðherra**
Dagsetning: **06.05.2021**
Málsnúmer: **FRN21010018**
Bréfalykill: **09.00**

Efni: Atvinnuleysistryggingar - staða og framhald aðgerða

Inngangur

Frá því í marsmánuði 2020 hefur verið ráðist í ýmsar tímabundnar aðgerðir því skyni að sporna gegn atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Má þar nefna að komið var á svokallaðri hlutabótaleið til að viðhalda ráðningarsambandi og koma í veg fyrir uppsagnir eins og frekast er unnt. Þá var tekjutengt tímabil atvinnuleysisbóta lengt úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir þá einstaklinga sem misstu starf sitt í tengslum við heimsfaraldurinn, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt, auk þess sem grunnatvinnuleysisbætur voru hækkaðar tímabundið.

Einnig má nefna að heimildir atvinnuleitenda til að stunda nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta voru rýmkaðar og námsstyrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna starfstengdra námskeiða hækkaðir. Jafnframt voru heimildir Vinnumálastofnunar til greiðslu atvinnuleysisbóta við gjaldþrot félaga rýmkaðar. Þá var svigrúm fyrir atvinnurekendur til þess að ráða atvinnuleitendur til starfa með styrk frá Vinnumálastofnun aukið.

Staðan á innlendum vinnumarkaði

Skráð atvinnuleysi dróst saman bæði í febrúar og mars 2021 en almennt atvinnuleysi var 11,0% í mars 2021 og hafði þá minnkað úr 11,4% í febrúar 2021. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 11,6% í janúar 2021, 10,7% í desember 2020 og 10,6% í nóvember 2020.

Vinnumálastofnun hefur spáð því að almennt atvinnuleysi minnki áfram í apríl 2021, meðal annars vegna árstíðarbundinnar sveiflu og sérstakra aðgerða stjórnvalda og verði á bilinu 9,8% til 10,2%. Mánudaginn 10. maí nk. mun Vinnumálastofnun birta nýja skýrslu um stöðuna á innlendum vinnumarkaði þar sem meðal annars munu koma fram uppfærðar tölur hvað varðar skráð atvinnuleysi í apríl 2021.

Hlutabætur

Hin svokallaða hlutabótaleið er umfangsmesta úrræði stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Alls hafa rúmlega 36 þúsund einstaklingar nýtt sér úrræðið á gildistíma þess frá apríl 2020 til apríl 2021, þar af 57% karlar og 43% konur. Frá síðastliðnu sumri hafa að meðaltali um 4.300 einstaklingar nýtt sér úrræðið í hverjum mánuði. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna úrræðisins muni nema um 29 milljörðum króna en úrræðið rennur sitt skeið 31. maí næstkomandi.

Hefjum störf

Átaksverkefnið „Hefjum störf“ var kynnt opinberlega þann 15. mars síðastliðinn. Um er að ræða samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök um fjölgun starfa. Ráðningartímabilið er sex mánuðir á tímabilinu frá apríl til desember 2021 og miðast fjárhæð ráðningarstyrks við hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hlutfalli við starfshlutfall viðkomandi einstaklings, auk 11,5% mótframlags af styrkfjárhæð í lífeyrissjóð. Ráðgert að verja um 4.500 – 5.000 milljónum króna til þessara aðgerða.

Átakið hefur farið vel af stað en í byrjun maímánaðar höfðu rúmlega 4.800 störf verið auglýst og

gengið hafði verið frá rúmlega 1.200 ráðningum. Megnið af þeim störfum sem auglýst hafa verið er hjá fyrirtækjum um land allt en hingað til hefur 0,5% af ráðningum verið vegna starfa hjá opinberum aðilum en búast má við fjölgun starfa hjá sveitarfélögum, opinberum stofnunum og félagasamtökum á næstu vikum.

Nám er tækifæri:

„Nám er tækifæri“ gefur atvinnuleitendum kost á að vera í fullu námi í eina önn án þess að komi til skerðingar á rétti viðkomandi til atvinnuleysisbóta. Er um að ræða vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur sem hafa verið samfellt í sex mánuði eða lengur skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun sem vilja bæta við sig námi á vorönn 2021, haustönn 2021 eða vorönn 2022.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa alls 403 atvinnuleitendur farið í nám á grundvelli átaksins nú á vorönn 2021. Þar af 79 í háskólanám, 36 í frumgreinanám/háskólastoðir, 136 í framhaldsskólanám og 125 í nám hjá símenntunarmiðstöðvum.

Sumarstörf fyrir námsmenn

Ráðist verður í átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar. Stefnt er að því að til verði um 2.500 störf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Vinnumálastofnun stýrir áttakinu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins, sveitarfélög og félagasamtök.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun verður opnað fyrir umsóknir mánudaginn 11. maí næstkomandi.

Framhald aðgerða

Á fundi ríkisstjórnar Íslands föstudaginn 30. apríl síðastliðinn voru samþykkt næstu skref hvað varðar aðgerðir stjórnvalda til að mæta áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar á vinnumarkaði.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur

Samþykkt var að það tímabil sem unnt er að nýta sex mánaða tekjutengt bótatímabil innan atvinnuleysistryggingakerfisins verði framlengt þannig að í stað þess að hinn tryggði þurfi að vera búinn að nýta tímabundinn rétt til tekjutengdra bóta í allt að sex mánuði fyrir 1. október 2021 geti hann nýtt sér umrædda sex mánuði til 1. febrúar 2022.

Eingreiðsla fyrir langtímaatvinnulausa

Einnig var samþykkt að greiddur yrði sérstakur styrkur úr Atvinnuleysistryggingasjóði að hámarki 100.000 kr. til þeirra atvinnuleitenda sem höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfellt í fjórtán mánuði eða lengur þann 1. maí 2021, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Áætlað er að styrkur verði greiddur til um 3.600 atvinnuleitenda.

Styrkur vegna ráðningar í fyrra starfshlutfall

Þá var samþykkt að þegar hlutabótaleiðin rennur sitt skeið 31. maí næstkomandi verði Vinnumálastofnun heimilt að semja við fyrirtæki sem eru með ráðningarsamband við einstakling, sem nýtt hefur hlutabótaleið, um að viðkomandi fyrirtæki fái styrk til að ráða viðkomandi launamann í fyrra starfshlutfall.

Fjárhæð ráðningarstyrks í þessum tilvikum miðast við hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hlutfalli við hækkun starfshlutfalls viðkomandi einstaklings, auk 11,5% móttframlags af styrkfjárhæð í lífeyrissjóð í allt að fjóra mánuði. Er þannig um að ræða vinnumarkaðsúrræði sem svipar til þeirra úrræða sem þegar eru í gildi með áttakinu „Hefjum störf“.

Samþykkt var að skilyrði fyrir styrk væri meðal annars að viðkomandi atvinnurekandi tryggji hlutaðeigandi launamanni óskertan orlofsrétt á yfirstandandi orlofsári í samræmi við fyrra starfshlutfall.